

## **Tillaga til Fjórðungsþings 2019 vegna umræðu um sameiningar sveitarfélaga**

Ég undirrituð Lilja Magnúsdóttir, í sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps, legg til við Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Hólmavík 25. og 26. okt. 2019, að stofnaður verði vinnuhópur til að kanna hug íbúa til þeirrar þjónustu sem þeir gera kröfu um að verði til staðar í hverju samfélagi á Vestfjörðum komi til sameiningar sveitarfélaga. Jafnframt verði hlutverk þessa starfshóps að kanna hvað ríkisvaldið er tilbúið til að leggja af mörkum verði af sameiningum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Forgangsatíði í því sambandi er aukin og bætt þjónusta við íbúa og fyrirtæki. Má þar nefna bættar samgöngur, öflugt heilbrigðiskerfi, skilvirk stjórnsýsla og aukin fjölbreytni í atvinnulífi fyrir alla íbúa.

### **Greinargerð**

Í ljósi umræðu í tengslum við þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um sameiningu sveitarfélaga er ástæða til að horfa til vilja íbúa á Vestfjörðum hvaða ávinning þeir sjá af frekari sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum. Kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum ber skylda til að hafa hagsmuni íbúa að leiðarljósi í sínum störfum og sameiningu sveitarfélaga verður að vinna í nánú samstarfi við íbúa fjórðungsins. Markmið sameiningar á fyrst og fremst að vera einföldun stjórnsýslu, bætt þjónusta við íbúa og fyrirtæki á öllum sviðum og aukin skilvirkni stjórnsýslunnar. Jafnframt verður að gæta þess að kröfur um hagræðingu verði ekki til þess að skerða lýðræðisleg áhrif íbúa á samfélag sitt né draga úr þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Í því sambandi má benda á vinnu Austfirðinga við undirbúning og umræður um sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austfjörðum þar sem verið er að leita leiða til að tryggja áhrif íbúa á stjórnsýsluna sem best.

Nauðsynlegt er að sveitarfélög á Vestfjörðum fái tækifæri til að ræða saman um sameiginlega hagsmuni, samstarf og/eða sameiningu á eigin forsendum íbúa og fyrirtækja en séu ekki þvinguð í sameiningu á grundvelli íbúatölu sem segir ekkert um möguleika sveitarfélags til að standa við skuldbindingar sínar. Brýnt er að nýta reynslu af fyrri sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum og annars staðar á landinu til að nýta okkur það sem vel hefur gengið og forðast að gera sömu mistök aftur sem kunna að hafa verið gerð í fyrri sameiningum. Jafnframt er nauðsyn að ríkisvaldið tryggi fjármagn til bættra samgangna sem tryggi greiðar samgöngur íbúa við nærsamfélög sín óháð sameiningarmöguleikum. Það sama á við tryggja heilbrigðisþjónustu, fjölgun starfa án staðsetningar og aukinn stuðningur við nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. Leiðarljós vinnuhópsins á að vera hagsmunir Vestfirðinga til framtíðar.